

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Sveinbjörn hefur verið einn af máttarstólpum hestamannafélagins Gusts um áraraðir. Hann var kosinn í stjórn Gusts árið 1992 og sat í stjórn til ársins 1998 og var hann formaður félagsins frá árinu 1996 til 1998.

Á hans tíma í stjórn var farið í byggingu reiðhallar í Gusti og var Sveinbjörn einn af forvígismönnum þeirrar framkvæmdar.

Sveinbjörn hefur ávallt verið boðinn og búinn að veita aðstoð, í hvers kyns félagsstarfi og veitt forstöðu í fjölda nefnda og ráða á vegum félagsins. Sveinbjörn hefur einnig starfað innan LH og var hann í undirbúningsnefnd sem vann að sameiningu LH og HÍS. Hann sat í stjórn LH frá árinu 1998 til ársins 2002.

Þá veitti hann Landsmóti ehf. brautargengi þegar það var stofnað. Sveinbjörn er hestamaður góður sem kann að meta íslenska gæðinginn, flugvakran með svífmikið tölt og rúman á brokki.

Fyrir störf sín í þágu hestamenskunnar hlýtur Sveinbjörn gullmerki LH.